Ársskýrsla 2005

Landgræðsla ríkisins

	Bls.
Fylgt úr hlaði	4
Landgræðsla ríkisins	6
Frærækt og fræverkun	10
Rannsóknir	12
Uppgræðsla og landnýting	14
Varnir gegn landbroti	18
Kynning og fræðsla	19
Starfsfólk Landgræðslu ríkisins 2005	22

Ársskýrsla Landgræðslu ríkisins 2005
Útgefandi: Landgræðsla ríkisins, maí 2006.
Umsjón með útgáfu: Jón Ragnar Björnsson.
Prentun: Hjá GuðjónÓ.
Forsíðumynd: Sandskaflar á Rótarsandi í Árnessýslu. Kálfstindar í baksýn. Myndin er tekin eftir norð-austan bálviðri 19. október 2004. Ljósm. Andrés Arnalds.
Ljósmyndir: Andrés Arnalds (AA), Anne Bau (AB), Ása L. Aradóttir (ÁLA), Bjarni Maronsson (BM), Elín Heiða Valsdóttir (EHV), Guðrún Schmidt (GS), Gunnar Svanberg Skúlason (GSS), Jón Ragnar Björnsson (JRB), Kristín Svavarsdóttir (KS), Magnús H. Jóhannsson (MJ), Sigþrúður Jónsdóttir (SJ), Sveinn Runólfsson (SR) og Þórunn Pétursdóttir (ÞP).

Afritun og notkun á efni skýrslunnar er heimil, svo fremi að heimildar er getið.

Fylgt úr hlaði

Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri, hjá brjóstmynd af föður sínum, Runólfi Sveinssyni, sem var landgræðslustjóri 1947-1954 (Ljósm. GSS).

Árið 2005 var yfirleitt hagstætt auðlindum landsins, jarðvegi og gróðri, en þó fremur umhleypingasamt og tíðarfar var talið heldur lakara en næstu þrjú árin á undan. Hiti var þó vel yfir meðallagi. Úrkoma var undir meðallagi um sunnan- og vestanvert landið. Snjóa tók upp víða á landinu í lok janúar og viðkvæman svörðinn skorti því skjöld sinn fram á vor sem var víðast hvar einmuna þurrt og kalt. Sumarið var hagstætt gróðri nema hvað fræmyndun landgræðslujurta var yfirleitt rýr og haustveðráttan var, eins og oft áður, erfið uppskeru landgræðslufræs.

Hnötturinn okkar

Allt jarðlíf er háð þeirri viðkvæmu og losaralegu skel, sem jarðvegurinn er og þekur nær allt yfirborð lands. Án hennar hefðu lífverur aldrei skriðið á land úr sjónum; það væru engar plöntur né jarðardýr eða gróður, engir skógar – ekkert fólk.

Þessi ómetanlega hula, hold jarðarinnar, er óralengi að myndast en óhugnanlega fljót að eyðast. Ef jarðvegur er misnotaður getur hann fokið eða runnið á braut og horfið á nokkrum misserum. Eyðimerkurmyndun skaðar nú um 30% af öllu landi jarðarinnar.

Sáttmálinn um varnir gegn eyðimerkurmyndun

Samþykkt sáttmálans um varnir gegn eyðimerkurmyndun markaði tímamót í alþjóðlegri umhverfisverndarlöggjöf. Hann var samþykktur 17. júní 1994, en tók gildi hér á landi 1997 og er einn af þeim þremur stóru sem eiga rætur sínar að rekja til ráðstefnunnar miklu í Rio de Janeiro árið 1971.

Talið er að landssvæði á stærð við Ísland verði eyðimerkurvofunni að bráð á ári hverju. Henni fylgir að jafnaði mikill vatnsskortur. Því er gífurlega mikið í húfi fyrir alla íbúa jarðarinnar að snúa þessari óheillaþróun við. Víðast hvar fara saman verst leiknu svæðin, vatnsskortur og fátækt. Meðal annars þess vegna er svo brýnt að fræða hlutaðeigandi íbúa og hjálpa þeim að hjálpa sér sjálfir og tileinka sér sjálfbæra nýtingu auðlindanna.

En eyðimerkurmyndunin er ekki eingöngu vandamál þróunarlandanna. Umtalsverð jarðvegseyðing er í a.m.k. 110 þjóðlöndum, þar á meðal í Norður Ameríku og Eyjaálfu. Auðnamyndunin ógnar tilveru fimmta hvers jarðarbúa. Miklir fólksflutningar eiga sér stað innan og á milli landa þegar fólk flýr moldrokið í örvæntingu sinni. Eyðimerkurmyndunin og flótti fólks í kjölfar hennar hrindir af stað blóðugum styrjöldum vegna baráttunnar um brauðið og vatnið.

Þrátt fyrir að í samningnum um varnir gegn eyðimerkurmyndun sé lögð áhersla á að nálgast lausn vandamálanna frá grasrótinni og byggja á íbúum sem búa næst vandanum þá er staðfest í sáttmálanum að verkefni hans koma ekki að gagni og baráttan gegn auðnamyndun vinnst ekki nema að til komi sterkar stofnanir sem njóti stuðnings íbúanna. Í samningnum er lögð mikil áhersla á þjálfun og menntun heimafólks um umhverfismál.

Alþjóðleg ráðstefna um jarðvegsvernd á Selfossi

Í september var haldinn á Selfossi alþjóðlegur vinnufundur um jarðvegseyðingu, stefnumótun og löggjöf til að fyrirbyggja hana. Auk Landgræðslu ríkisins stóðu að henni Landbúnaðarháskóli Íslands og SCAPE, evrópsk samtök um jarðvegsvernd. Einnig ýmsir erlendir vísindamenn í jarðvegsvernd. Nær 60 erlendir sérfræðingar víðs vegar að úr heiminum og fjöldi innlendra sóttu vinnufundinn. Það kom gestum á óvart er þeir kynntust því

í skoðunarferðum að Ísland er í hópi þeirra ríkja sem jarðvegseyðing hefur orðið hvað alvarlegust á síðari öldum. Fundurinn ályktaði m.a.: „...hvetur ríkisstjórn og Alþingi til að stuðla að kynningu á þekkingu og reynslu Íslendinga í landgræðslu um heim allan".

Alþjóðlegur jarðvegsverndarskóli

Hér á landi eru uppi hugmyndir um stofnun alþjóðlegs jarðvegsverndarskóla, sambærilegan Jarðhita- og Sjávarútvegsskólunum, sem báðir eru reknir sem hluti af þróunaraðstoð okkar Íslendinga. Við höfum að bjóða mikla þekkingu og reynslu af baráttunni við sandinn og hvarvetna gefur að líta nánast allar gerðir jarðvegsrofs eins og opin kennslubók í landslaginu.

Rannsóknir og gervitunglamyndir sýna að á Íslandi er hraðfara jarðvegsrof á 17% alls landsins. Neðan við 500 m h.y.s. er hins vegar hraðfara jarðvegsrof á um 20% landsins og um 12% lands er með talsverða gróður- og jarðvegseyðingu. Því þarfnast um 32% lands undir 500 m h.y.s. sárlega landgræðslu og skógræktar.

Viðfangsefni jarðvegsverndarskólans yrðu námskeið og þjálfun menntaðra íbúa þróunarlanda sem væri liður í framhaldsnámi á háskólastigi í samvinnu við háskóla heima og erlendis, en þó sérstaklega Landbúnaðarháskóla Íslands. Skólinn yrði rekinn sem deild í Háskóla Sameinuðu þjóðanna en samstarfsháskólanir útskrifuðu háskólanemana.

Aldarafmælið

Það væri glæsileg afmælisgjöf á aldarafmæli formlegrar baráttu gegn sandinum að koma slíkum skóla á laggirnar í Gunnarsholti á árunum 2007 og 2008.

Framundan eru ögrandi ár tækifæra vegna væntanlegra breytinga í stjórnsýslu er varða m.a. verndun og eflingu gróðurs og jarðvegs hér á landi. Hvernig þau mál ráðast liggur ekki fyrir en brýnt er að allir hlutaðeigandi aðilar hafi sjálfbæra þróun auðlindanna að leiðarljósi.

GRÆÐUM ÍSLAND!

Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri

Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri: Það væri glæsileg afmælisgjöf á aldarafmæli formlegrar baráttu gegn sandinum að koma á laggirnar jarðvegsverndarskóla í Gunnarsholti á árunum 2007 og 2008.

Landgræðsla ríkisins

Hlutverk Landgræðslunnar og helstu verkefni:

- Verndun og endurheimt landkosta s.s. stöðvun jarðvegsrofs, gróðurvernd, hefting landbrots, uppgræðsla lands og sjálfbær landnýting.
- Vöktun á ástandi og framvindu gróðurs og jarðvegs og eftirlit með landnýtingu.
- Gerð landgræðsluáætlana og mat á árangri.
- Varðveisla gagna um landgræðslusvæði og skráning aðgerða.
- Rannsóknir og þróunarstarf.
- Fræðsla og ráðgjöf um landgræðslu og landnýtingu.
- Alþjóðlegt samstarf á sviði landgræðslumála.

Landgræðsla ríkisins mun vera elsta landgræðslustofnun í heiminum, stofnuð árið 1907. Stofnunin starfar eftir lögum nr. 17/1965 um landgræðslu og heyrir undir landbúnaðarráðuneytið. Hún hefur einnig umsjón með framkvæmd laga nr. 91/2002, um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna.

Landgræðslan hefur markað sér þá framtíðarsýn að vera framsækin stofnun sem móti stefnu í landgræðslu, gróðurvernd og sjálfbærri landnýtingu. Stofnunin þróar nýjar uppgræðsluaðferðir og veitir leiðbeiningar og ráðgjöf um sjálfbæra landnýtingu og gróðurvernd. Unnið er að landgræðslu um allt land og leggur Landgræðslan ríka áherslu á frumkvæði og þátttöku heimamanna.

Starfsemi Landgræðslunnar er skipt á fimm svið: Rekstrarsvið, almannatengslasvið, landupplýsingasvið, rannsóknasvið og landverndarsvið.

Rekstrarsvið hefur umsjón með rekstri Landgræðslunnar og er ráðgefandi í stjórnkerfi stofnunarinnar. Starfsemi sviðsins greinist í: a) Fjármál s.s. áætlanagerð, bókhald og fjárreiður, launa- og starfsmannamál. b) Þjónustu s.s. símsvörun, skjalasafn, tölvuþjónustu, mötuneyti og þrif. c) Annan rekstur, s.s. fasteigna, véla og starfsemi fræverkunarstöðvar í Gunnarsholti. Sviðsstjóri er Guðmundur Guðmundsson.

Almannatengslasvið annast kynningu og miðlun upplýsinga um Landgræðsluna og landgræðslustarfið, hefur umsjón með vefsíðunni **land.is,** útgáfustarfsemi, ráðstefnu- og námskeiðahaldi og starfi með áhugahópum. Sviðsstjóri er Guðjón Magnússon.



Skipurit Landgræðslu ríkisins

Landupplýsingasvið annast öflun grunnupplýsinga um landgræðslusvæði með kortlagningu, áætlanagerð og skráningu landgræðsluaðgerða í gagnagrunn Landgræðslunnar og miðlun landupplýsinga ásamt þjónustu við önnur svið stofnunarinnar. Sviðsstjóri er Ásgeir Jónsson.

Rannsóknasvið sinnir rannsóknum og þróunarstarfi til að efla faglegan grunn og bæta árangur landgræðslustarfsins. Áhersla er lögð á rannsóknir á uppbyggingu og þjónustu vistkerfa, vistfræði, nýtingu landgræðslutegunda og aðferðir við landgræðslu. Sviðsstjóri er Ása L. Aradóttir.

Starfsmannastefna Landgræðslunnar:

- Að laða til sín starfsfólk með góða þekkingu, frumkvæði og metnað í störfum sínum. Nýtt starfsfólk verði frætt fljótt og vel um markmið og starfsemi stofnunarinnar.
- Að starfsmenn viðhafi ábyrg, sjálfstæð og öguð vinnubrögð byggð á skýrum markmiðum og mati á árangri.
- Að samskipti yfir- og undirmanna séu gagnvirk og stuðli að góðum starfsanda.
- Að stuðla að því með símenntun að Landgræðslan hafi jafnan á að skipa hæfu og ánægðu starfsfólki sem heldur tryggð við stofnunina.
- Að búnaður og aðstaða taki mið af þörfum starfseminnar og starfsmanna.

Landverndarsvið vinnur að landgræðslu og sjálfbærri landnýtingu með megináherslu á bætt búsetuskilyrði og gott ástand lands. Starfsemi sviðsins felst í uppgræðslu, vöktun lands ráðgjöf til landnotenda og vörnum gegn landbroti af völdum fallvatna. Héraðssetur Landgræðslunnar heyra undir Landverndarsvið. Sviðsstjóri er Björn H. Barkarson.

Landupplýsingar eru mikilvægur þáttur í starfsemi Landgræðslunnar (Ljósm. JRB).

Höfuðstöðvar Landgræðslu ríkisins eru í Gunnarsholti í Rangárvallasýslu. Þar er aðsetur þjónustusviða stofnunarinnar og fræverkunarstöð þar sem framleitt er fræ til landgræðslu. Stofnunin starfrækir sjö héraðssetur: Á Hvanneyri í Borgarfirði, Hólum í Hjaltadal, Húsavík, Egilsstöðum, Kirkjubæjarklaustri, Árnesi í Árnessýslu og Reykjavík.

Landgræðsluverðir annast vörslu landgræðslusvæða og landgræðslugirðinga víðs vegar um landið. Landgræðslugirðingar eru samtals um 1.150 km að lengd. Landgræðslan girðir nú nær eingöngu rafgirðingar og notar sólarrafhlöður til rafmagnsframleiðslu. Rafgirðingar eru hagkvæmari í uppsetningu og viðhaldi en hefðbundnar girðingar. Landgræðslan sér einnig um skráningu sauðfjárveikivarnagirðinga en þær eru samtals um 620 km að lengd.

Héraðssetur Landgræðslunnar.

Á árinu 2005 störfuðu um 85 manns hjá Landgræðslunni. Margir þeirra voru í hlutastarfi og sumir einungis í starfi yfir sumarmánuðina þegar landgræðsluframkvæmdir stóðu sem hæst. Fjöldi ársverka var um 63 og starfsmannafjöldi í árslok var 60.

Framkvæmdir

Á árinu var áfram unnið að endurbótum á Frægarði, húsnæði fræverkunarstöðvar Landgræðslunnar og aðsetri þriggja þjónustusviða. Þar er m.a. verið að mæta nútímakröfum um eldvarnir en húsnæðið er að stofni til frá 8. áratug síðustu aldar. Einnig var tekin í notkun ný og betur búin rannsóknastofa.

Nýja rannsóknastofan (Ljósm. AB).

Á árunum 2003 og 2004 var skipt um lagnir og jarðveg í hluta af plönum í Gunnarsholti. Lokið var við það verkefni á árinu, skipt um burðarlag og plönin lögð bundnu slitlagi. Gerðar voru endurbætur á kaldavatnsveitu, skipt var um tank og lögn næst vatnsbólinu.



Útgjöld Landgræðslunnar 2005.

Fjármál

Fjárveitingar til Landgræðslunnar á fjárlögum ársins 2005 námu 489 millj. kr. Um 54 millj. kr. vantaði upp á að fjárveitingarnar næðu því sem gert var ráð fyrir í Landgræðsluáætlun 2003 – 2014. Auk þess fékk Landgræðslan 7,2 millj. kr. af öðrum fjárlagalið vegna bilunar á hreyfli landgræðsluflugvélarinnar Páls Sveinssonar á sl. sumri.

Heildarfjárveitingar ríkisins á árinu 2005 urðu því 501 millj. kr. og hækkuðu frá fyrra ári um 32 millj. kr. eða um 6,8%. Sértekjur og markaðar tekjur voru 94 millj. kr. Ráðstöfunarfé á árinu var því 595 millj. kr.

Útgjöld Landgræðslunnar á árinu voru 657 millj. kr. Þar af var launakostnaður 238 millj. kr. og önnur rekstrargjöld 212 millj. kr.

Fjárveitingar til Landgræðslunnar bornar saman við Landgræðsluáætlun (millj.kr.)

Ár	Land-græðslu-áætlun *	Framreiknuð Land-græðslu-áætlun	Fjárlög	Fjáraukalög	Fjárveitingar samtals	Mismunur
2003	440.0	**447.9**	446.1	52.0	**498.1**	50.2
2004	470.0	**497.3**	450.2	15.0	**465.2**	-32.1
2005	500.0	**550.0**	488.6	0.0	**488.6**	-61.4
2006	520.0	**596.4**	495.2	0.0	**495.2**	-101.2
				Uppsafnaður mismunur:		-144.5

* Fjárhæðir á meðalverði ársins 2002



Landupplýsingar, Kortlagning

Landgræðslan kortleggur nokkur svæði á hverju ári með tilliti til ástands lands við upphaf aðgerða. Í sumar var unnið að kortlagningu á svæðinu sunnan Langjökuls og endurkortlagt á Tungu-heiði í Biskupstungum.

Kortlögð svæði eru samanlagt 3.311 km^2.

Markmið kortlagningar er að skrá ástand svæðis áður en aðgerðir eru hafnar m.a til að síðar verði hægt að meta árangur landgræðslustarfsins og draga af því lærdóm fyrir önnur sambærileg svæði. Hún er einnig grundvöllur að vinnu við landnýtingar- og landgræðsluáætlanir og fyrir val á uppgræðsluaðferðum og forgangsröðun aðgerða.

Landgræðslan hefur þróað sérstakan kortlagningarlykil sem aðlagaður hefur verið LU-flokkun sem er samræmd fitjuskrá fyrir landfræðileg gögn. Samkvæmt honum eru ýmsir þættir athugaðir s.s. gróðurþekja, yfirborðsgerð, jarðvegsrof, sandleiðir og helstu áhættuþættir, ásamt þekju ýmissa lykiltegunda í landgræðslu.

Í vettvangsferðum er kortlagt ofan á loftmyndir í mælikvarða 1:5.000 til 1:20.000 og eigindi (upplýsingar sem segja til um ástand í völdum reit) skráð í töflu. Kortin eru síðan hnituð upp af myndunum og færð inn á þekju í landfræðilegu upplýsingakerfi, ArcGIS þar sem myndflákar eru tengdir upplýsingum í töflu.

Hægt er að kalla fram margskonar upplýsingar úr gagnagrunni eftir að eigindi eru komin í töflu og nota gögnin t.d. til að forgangsraða verkefnum.

Attributes of saudafell_2001

REITUR	GRODURF	UTBR_BI	UTBR_VI	UTBR_LU	UTBR_ME	GRODURÞEK	HALLI	HALLAATT	GRJOT	SANDUR	ROF	MAX
1	OG	0	0	0	0	5	1		1	15	S5	5
2	GL	0	0	0	0	4	2		1	14	S4	4
3	OG	0	0	0	0	5	3		4	14	SH5	5
4	MS	0	0	0	0	4	5		5	12	S3	3
5	OG	0	0	0	0	5	4		1	15	S5	5
6	BG	0	2	0	0	4	3	NA	1	14	S4	4
7	OG	0	0	0	0	5	2	SV	1	15	S5	5
8	OG	0	0	0	0	5	2	NA	1	15	S5	5
9	OG	0	0	0	0	5	4	NV	1	15	S5	5
10	OG	0	0	0	0	5	3	N	1	14	S5SM4	5

Record: 1 | Show: All | Selected | Records (1 out of 71 Selected.) | Options

Valin eru svæði úr þekjunni sem hafa litla gróðurþekju og/eða mikið jarðvegsrof og þannig má finna þau svæði sem eru líkleg til að þurfa landgræðslu.

Einnig er t.d. hægt að kalla fram hver þeirra eru véltæk með því að skoða halla lands og grjót á yfirborði.

www.land.is

Frærækt og fræverkun

Beringspunktur (Ljósm. MJ).

Í fræverkunarstöð Landgræðslunnar í Gunnarsholti er ræktað og verkað fræ af ýmsum landgræðslutegundum. Fræ af beringspunti, túnvingli og alaskalúpínu er ræktað á ökrum í nágrenni Gunnarsholts, en melgresi er safnað af strandsvæðum á Suðurlandi. Nokkrir bændur taka þátt í ræktun eða söfnun á fræi af melgresi og alaskalúpínu. Fræ af vallarsveifgrasi, hvítsmára, sauðvingli, túnvingli og rýgresi er hinsvegar innflutt. Enginn útflutningur var á fræi á árinu 2005.

Fræuppskera 2005 var með lakara móti miðað við fyrri ár. Uppskera af lúpínu var með allra minnsta móti og hefur ekki verið svo slæm í a.m.k. 10 ár. Frostnætur og þurrkur eftir að lúpínan blómgaðist hafði líklega afgerandi áhrif. Eins var fræuppskera af íslenska túnvinglinum mjög lítil. Uppskera af öðrum tegundum var ágæt. Landgræðslan keypti 1.940 kg af melfræi af bændum en ekkert af lúpínufræi.

Fræuppskera síðustu fimm ára – hreinsað fræ (kg)

	2001	2002	2003	2004	2005
Melgresi	5.690	625	4.670	8.425	6.560
Beringspuntur	3.680	13.610	4.185	9.505	7.675
Túnvingull (*F. rubra*)	3.180	1.475	5.245	3.610	9.030
Íslenskur túnvingull (*F. richardsonii*)	0	500	0	6.500	95
Alaskalúpína	3.150	8.195	2.030	10.270	525

Ræktað og innflutt fræ árin 2001 – 2005(kg)

	Tegund	2001	2002	2003	2004	2005
Eigin framleiðsla	Melgresi	4.280	0	3.685	5.560	4.620
	Beringspuntur	3.680	13.610	4.185	9.505	7.675
	Túnvingull	3.185	1.475	5.245	3.610	9.030
	Ísl. túnvingull	0	500	0	6.500	95
	Alaskalúpína	1.345	3.440	60	5.070	525
	Samtals	**12.490**	**19.025**	**13.175**	**30.245**	**21.945**
Frá bændum	Melgresi	1.410	625	985	2.865	1.940
	Alaskalúpína	1.800	4.755	1.970	5.200	0
	Samtals	**3.210**	**5.380**	**2.955**	**8.065**	**1.940**
Innflutningur	Rýgresi	3.100	4.000	4.820	0	0
	Túnvingull	10.350	12.150	10.305	11.600	0
	Vallarsveifgras	7.350	4.925	7.225	7.000	2.000
	Hvítsmári	0	200	200	100	0
	Sauðvingull	0	0	0	0	1.500
	Samtals	**20.800**	**21.275**	**22.550**	**18.700**	**3.500**
	Heildarmagn	**37.460**	**36.500**	**38.680**	**57.010**	**27.385**

Þurrkgámur með túnvingulsfræi. Lofti er blásið í gegn um fræbinginn. Nákvæmlega er fylgst með hita– og rakastigi meðan á þurrkun stendur (Ljósm. JRB).

Engin planta heftir sandfok jafn vel og melgresið. Það safnar í sig foksandinum og myndar ýmist breiður eða sandhóla, sem verða oft 3 - 5 metra háir. Landgræðslan notar nokkur tonn af melfræi á hverju ári, sem hún safnar síðsumars, þurrkar og hreinsar í fræverkunarstöðinni í Gunnarsholti. Um 7.400 ha. landgræðslusvæði er við Þorlákshöfn og þar hefur m.a. melgresi verið sáð til að stöðva framrás sandsins. Þar er jafnan safnað melfræi og melgresið slegið með sláttuvélum sem eru sérsmíðaðar af starfsmönnum Landgræðslunnar (Ljósm. JRB).

Nýþresktu lúpínufræi er hellt í kornþurrkara sem hentar vel til að þurrka lúpínufræ. Mikið af laufblöðum fylgir með lúpínufræinu þegar það er þreskt, en það hreinsast frá í fræhreinsuninni (Ljósm. JRB).

www.land.is

Rannsóknir

Hlutverk rannsókna Landgræðslunnar er að sinna rannsókna- og þróunarstarfi og annarri þekkingaröflun á sviði landgræðslu og miðla þekkingu. Einnig að taka þátt í samstarfi um rannsóknir er tengjast viðfangsefnum landgræðslu og hvetja til slíkra rannsókna.

Hjá Landgræðslunni er lögð áhersla á samfellu milli rannsókna og annarrar starfsemi. Því tekur starfsfólk rannsóknasviðs m.a. þátt í undirbúningi landgræðsluverkefna, árangursmati og fræðslu og annað starfsfólk stofnunarinnar tekur þátt í og styður við rannsóknirnar.

Giljaflækja (Ljósm. MJ).

Umfeðmingur (Ljósm. MJ).

Fræakur umfeðmings (Ljósm. MJ).

Umfeðmingur, giljaflækja og baunagras

Belgjurtir skipa mikilvægan sess í landgræðslustarfi vegna þess að þær ásamt rótarhnýðisbakteríum binda nitur úr andrúmslofti sem með tímanum nærir allt líf í jarðveginum. Notkun fjölærra belgjurta dregur því verulega úr þörfinni á áburði við landgræðslu og er því hagkvæmur kostur þegar til langs tíma er litið.

Þrátt fyrir öfluga alaskalúpínu, er mikil þörf á að fjölga þeim belgjurtategundum sem notaðar eru í landgræðslu, því fjölbreyttara tegundaúrval býður upp á fjölþættari lausnir og hugsanlega betri árangur í landgræðslustarfinu.

Árið 2003 var sett upp tilraun í Hekluskógum á Suðurlandi þar sem prófað er hvernig baunagrasi (*Lathyrus japonicus*), umfeðmingi (*Vicia cracca*) og giljaflækju (*V. sepium*) reiðir af við mismunandi skilyrði á uppgræðslusvæðum. Svæðin voru: 1) Auðnir, 2) vikrar hálfvaxnir mosa og þróttlitlum grösum, 3) uppgrædd svæði með blöndu af beringspunti og öðrum grösum og 4) uppgrædd svæði með melgresi. Svæðin voru valin til þess að sýna eins mikla breidd í umhverfisskilyrðum eins og hægt var og liggja í um 180 – 270 m h.y.s. Samtals voru gróðursettar 320 plöntur af hverri tegund.

Tegundirnar tóku almennt vel við sér, þó að nokkur afföll hafi orðið á fyrsta ári, sennilega vegna þurrka, en mest voru afföllin af giljaflækju. Vöxtur allra tegunda var marktækt betri í grassáningum en auðnum. Vöxtur var t.d. mjög góður í umfeðmingi og uxu sprotar einstakra plantna allt að 100 cm á ári, og sprotum fjölgaði milli ára. Vöxtur baunagrass og giljaflækju var minni og voru fáar plöntur sem virkilega tóku við sér nema þær sem uxu við bestu skilyrði. Greinilegt var þó að talsverður vöxtur átti sér stað neðanjarðar hjá baunagrasinu þar sem það dreifði mjög mikið úr sér með jarðrenglum.

Markmið rannsókna Landgræðslunnar er að stuðla að bættum árangri í landgræðslustarfinu og afla grunnþekkingar á fagsviði landgræðslu.

Rannsóknirnar skiptast einkum í þrjá meginflokka:
(1) rannsóknir sem snúa að uppgræðslu og stöðvun jarðvegseyðingar;
(2) rannsóknir á gróðurframvindu og uppbyggingu skemmdra vistkerfa með hliðsjón af margvíslegri þjónustu, þar á meðal kolefnisbindingu;
(3) rannsóknir á langtímabreytingum á gróðurfari og ástandi lands;

Einnig er unnið að rannsóknum á leiðum til að draga úr virkni vindrofs.

Binding kolefnis með landgræðslu

Miklir möguleikar eru til að binda kolefni í jarðvegi og gróðri með landgræðslu til mótvægis við losun gróðurhúsalofttegunda. Rannsóknir á bindingu kolefnis við landgræðslu og góð skráning á landgræðsluaðgerðum eru meginforsendur þess að hægt sé að nýta þessa bindingu til að standa við skuldbindingar Íslands gagnvart loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna og Kyoto bókuninni. Sumarið 2005 hófust á ný rannsóknir á bindingu kolefnis í samstarfi Landgræðslunnar og Lanbúnaðarháskóla Íslands en þær höfðu legið í láginni frá 2001. (Ljósm. AB).

Rannsóknir á styrkingu gróðurs við fyrirhugað Hálslón

og leiðum til að auka getu hans til að hefta áfok hófust árið 2002. Um er að ræða samstarfsverkefni Landgræðslunnar og Rala (nú Landbúnaðarháskóla Íslands), sem unnið er fyrir Landsvirkjun. Tilraunir til að kanna áhrif áburðargjafar og beitar á gróðurfar og hæð gróðurs eru stór hluti þeirra rannsókna. Einnig hafa verið gerðar tilraunir með sáningu melgresis og rýgresis og verið er að kanna möguleika á því að nota víði til viðgerða á skemmdu landi. Myndirnar sýna hæðarmælingar í einni áburðartilrauninni haustið 2005 og þriggja mánaða gulvíðiplöntu í einni af sex tilraunum þar sem órættum græðlingum af gulvíði og loðvíði var stungið beint við mismunandi aðstæður. (Ljósm. ÁLA).

Alþjóðleg vika á Skeiðarársandi

Í tengslum við rannsóknir á gróðurframvindu á Skeiðarársandi komu erlendir sérfræðingar í heimsókn til skrafs og ráðagerða. Í hópnum voru prófessorarnir David Wardle (Svíþjóð og Nýja Sjáland), Richard Bartlett (England) og Lars Walker (Bandaríkin). Áætlað er að hópurinn setji upp tilraun á Sandinum vorið 2007. (Ljósm. KS).

Uppgræðsla og landnýting

Héraðssetur á Húsavík (Ljósm. JRB).

Héraðssetur á Hólum (Ljósm. BM).

Á undanförnum árum hefur Landgræðslan lagt aukna áherslu á ráðgjöf við uppgræðslu, eftirlit með ástandi gróðurs, hvatningu og stuðning til landgræðslufélaga og bænda að græða upp illa farið land. Þó er á hverju ári unnið að sáningum og áburðargjöf á vegum Landgræðslunnar. Þessi vinna fer að mestu fram á landgræðslusvæðum en einnig víða annarsstaðar í samstarfi við heimamenn.

Héraðssetur

Héraðssetur Landgræðslu ríkisins verða stöðugt öflugri stoðir í landgræðslustarfinu og sterkari tenging heim í héruð en það var eitt af meginmarkmiðunum með stofnun þeirra.

Héraðssetrið á Norðausturlandi er elst, stofnað árið 1990 og er starfssvæðið Þingeyjarsýslur og Eyjafjörður. Það er til húsa á Garðarsbraut 5 á Húsavík. Landgræðslustarf hefur löngum verið öflugt í Þingeyjarsýslum enda verkefnin mörg.

Héraðssetrið á Norðvesturlandi var stofnsett 1996. Starfssvæðið nær yfir Húnavatnssýslur og Skagafjörð. Áhersla hefur verið lögð á bætta landnýtingu, sérstaklega í tengslum við hrossaeign sem jafnan hefur verið mikil á svæðinu.

Héraðssetur í Skaftafellsýslum var stofnsett 1995. Það hefur aðsetur á Kirkjubæjarklaustri og spannar starfssvæði þess Skaftafellssýslur. Fjölmörg verkefni eru í gangi á svæðinu enda setja þar miklar jölulár mark sitt á landið.

Héraðssetrið á Vesturlandi var stofnsett 1995. Starfsvæðið spannar Vesturland, úr botni Hvalfjarðar um Vestfirði í Hrútafjarðarbotn.



Uppgræðslusvæði sem hér eru merkt inn á kort af jarðvegsrofi á Íslandi eru þau svæði sem unnið er á á vegum Landgræðslunnar og samstarfsaðila, einnig eru þar þau svæði sem kortlögð hafa verið m.t.t. ástands lands til að meta þörf á aðgerðum.
Kortið sýnir einnig jarðvegsrof á öllu landinu sem kortlagt var 1992-1996 á vegum Landgræðslunnar og Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins og birt árið 1997 í ritinu Jarðvegsrof á Íslandi.

www.land.is

Héraðssetur á Austurlandi var stofnsett árið 2000. Starfssvæði þess er Múlasýslurnar báðar. Héraðssetrið er að Miðvangi 2-4 á Egilsstöðum.

Héraðssetur í Árnesi hefur verið starfrækt síðan 1997 og er starfssvæðið uppsveitir Árnessýslu.

Héraðsfulltrúi hefur starfað í Gunnarsholti frá árinu 2002 og hefur umsjón með verkefnum í Rangárvalla- og Árnessýslum, Reykjanesi og Kjós, allt norður í Hvalfjarðarbotn.

Héraðssetur á Kirkjubæjarklaustri. (Ljósm. EHV).

Gróðurfar/gróðureftirlit

Gróðureftirlit snýr að stórum hluta að verkefnum tengdum gæðavottun og einnig ýmsum verkefnum tengdum gróðurskemmdum vegna aksturs bíla og mjög vaxandi umferðar vélhjóla utan vega.

Bændur græða landið

Verkefnið er nú orðið 15 ára og hefur fyrir löngu sannað tilverurétt sinn. Markmið þess er að stöðva rof og endurheimta gróðurþekju. Þátttakendum í verkefninu hefur fjölgað jafnt og þétt og eru þeir nú rúmlega 600. Talsverður fjöldi bænda hefur þegar lokið uppgræðslu á sínu landi og hafa þeir því hætt þátttöku í verkefninu. Þá er fræðsla og leiðbeiningar, m.a. í tengslum við verkefnið Betra bú, vaxandi þáttur í verkefninu.

Héraðssetur á Hvanneyri (Ljósm. ÞP).

Aðgerðir árið 2005

Aðgerðir	Stærð lands (ha)	Áburður (tonn)	Tegundir	Fræ (kg)	Plöntufjöldi
Endurábúrðargjöf	6.417	1.252		675	
Gróðurstyrking	2.267	399			
Dreifing úr heyrúllum	134			3.133	
Nýsáning	2.658	585	Gras	33.707	
Nýsáning	150	2	Lúpína	716	
Nýsáning	192	37	Lúpína og annað	14.247	
Nýsáning	41	10	Melgresi	3.324	
Nýsáning	188	41	Melgresi og annað	15.525	
Gróðursetning	145	0	Tré		259.447
Gróðursetning	106		Lúpína		31.060
Gróðursetning	24		Ýmsar belgjurtir		24.510
Samtals	**12.320**	**2.326**		**71.327**	**315.017**

Héraðssetur á Egilsstöðum (Ljósm. GS).

Héraðssetur í Árnesi (Ljósm. SJ).

Betra bú, landnýtingaráætlanir
Betra bú er verkefni sem byggir á gerð heildstæðra landnýtingaráætlana fyrir bújarðir. Það byggist á námskeiðum fyrir bændur og aðra landeigendur sem hafa áhuga á að skipuleggja landýtingu á sínum jörðum.

Gæðastýring í sauðfjárrækt
Landgræðslunni var falið að sjá um framkvæmd landnýtingarþáttar gæðastýringar í sauðfjárrækt, sem komið var á með núgildandi samningi ríkisins og bænda um framleiðslu sauðfjárafurða. Í ágústlok var lokið við úttektir á þeim 1.560 jörðum sem þá höfðu sótt um þátttöku í gæðastýringunni. Nauðsynlegt var að skoða á vettvangi beitiland hjá 247 umsækjendum. Af þeim voru 88 sem ekki fullnægðu settum kröfum. Þeir þurftu því að vinna landbóta- og landnýtingaráætlanir. Þessar áætlanir liggja nú að mestu fyrir og hafa verið staðfestar af Landgræðslunni.

Auk þess þurfti að vinna landbóta- og landnýtingaráætlanir fyrir marga afrétti og er þeirri vinnu lokið að mestu. Eftir er að ganga endanlega frá áætlunum fyrir eftirfarandi afrétti:

- Rangárvallaafréttur, drög liggja fyrir.
- Biskupstungnaafréttur (er fjárlaus vegna riðuniðurskurðar).
- Oddstaðaafréttur, drög liggja fyrir.

Bændur hafa unnið í góðu samstarfi við héraðsfulltrúa og annað starfsfólk Landgræðslunnar að áætlanagerð. Nú eru aðeins um 10 umsækjendur sem ekki eru komnir með drög að landbótaáætlun fyrir sitt heimaland eða upprekstrarheimaland.

Gæðastýring í hrossarækt
Landgræðslan hefur haft umsjón með landnýtingarþætti gæðastýringar í hrossarækt frá því verkefnið var sett á laggirnar árið 2000. Gæðastýring í hrossarækt tekur til landnýtingar, skýrsluhalds og heilbrigðis hrossa. Á árinu 2005 fengu 41 hrossaræktarbú staðfestingu um að þau standist kröfur um vistvæna landnýtingu.

Héraðsfulltrúar Landgræðslunnar sjá um úttektir á beitilandi hjá þeim hrossabændum sem þess óska. Við mat á landi er einkum tekið mið af ástandi þess og til þess notaður ástandskvarði sem þróaður var af Borgþóri Magnússyni og fleirum. Þessari aðferð er lýst í ritinu "Hrossahagar", sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins gáfu út árið 1997.

Þrátt fyrir sterkan kjarna öflugra hrossabúa sem eru virk í þessum hluta verkefnisins er full ástæða til að ætla að meiri þátttaka myndi verða hrossaræktinni til framdráttar. Reynslan sýnir að staðfesting á hóflegri landnýtingu er hrossabændum afar mikils virði. Landlæsi viðkomandi bænda hefur aukist umtalsvert og tilfinning þeirra fyrir bættri landnotkun þar með. Fullyrða má að ímynd hrossabænda sem landnotenda hefur batnað mikið á seinni árum.

www.land.is

Landbótasjóður

Landbótasjóður starfar í samræmi við gildandi landgræðsluáætlun, 2003 – 2014. Markmið sjóðsins er að veita einstaklingum, sveitarfélögum, félagasamtökum og öðrum umráðahöfum lands styrki til að vinna að landbótum. Árið 2005 voru 15 milljónir til ráðstöfunar úr sjóðnum. Alls bárust 63 umsóknir um styrki samtals að upphæð um 60 millj. kr. Hæstu styrkina fengu Landgræðslufélag Biskupstungna, Landgræðslufélag Öxarfjarðarhrepps, Upprekstrar- og landbótafélag Vopnfirðinga og Búnaðarfélag Álftavers. Nánari upplýsingar um sjóðinn ásamt yfirliti yfir þau verkefni sem fengið hafa styrk úr landbótasjóði eru á heimasíðu Landgræðslunnar www.land.is.

Landgræðslufélög

Það hefur færst í vöxt á undanförnum árum að heimaaðilar stofni með sér samtök til að vinna að ákveðnum uppgræðsluverkefnum. Félögin hafa síðan iðulega fært út kvíarnar og tekið að sér fleiri verkefni. Landgræðslan hefur leitast við eftir föngum að styrkja þessi félög, bæði með beinum framlögum til einstakra verkefna og með ráðgjöf. Á árinu voru stofnuð tvö ný félög á Norðausturlandi, Landgræðslufélag Öxfirðinga og Landgræðslufélag Reykjahlíðar.

Nú eru alls 10 landgræðslufélög starfandi á landinu. Þau eru auk framantaldra: Landbót í Vopnafirði, Landgræðslufélag Biskupstungna, Landgræðslufélag Héraðsbúa, Landgræðslufélag Skaftárhrepps, Landgræðslufélag Öræfinga, Landgræðslufélag við Skarðsheiði, Landgræðslufélag Svalbarðshrepps og Húsgull á Húsavík.

Um 1980 var þetta land gróðurvana melur. Þá var grænfóðri sáð í landið og ræktað þar í nokkur ár. Árið 1989 var sáð lúpínufræi í landið og akurinn nytjaður til fræframleiðslu. Markús Runólfsson gróðursetti bakkaplöntum af birki í akurinn árið 2000 með plógnum sínum. Vöxtur birkisins í lúpínubreiðunni hefur verið með ólíkindum góður, eða 30-40 cm á ári (Ljósm. SR).

www.land.is

Varnir gegn landbroti

Unnið er að skráningu landbrots og varnargarða, hnitsetningu og tengingu upplýsinga við landfræðilega staðsetningu. Stefnt er að því að skrá alla brotstaði á landinu í ám og hve alvarlegt og umfangsmikið rofið er, gerð varnargarða og ástand þeirra. Forgangsröðun varnaraðgerða verður síðan byggð á þessari skráningu.

Fjárveitingar til fyrirhleðslna á árinu 2005 voru 56,1 millj. kr. Styrkir til fyrirhleðslna voru auglýstir í febrúar og alls bárust 24 umsóknir. Mjög takmarkað fjármagn var eftir til ráðstöfunar þegar sinnt hafði verið allra brýnustu og stærstu landbrotsverkefnum á landinu.

Helstu fyrirhleðsluverkefni á árinu 2005 voru við Jökulsá í Lóni, en þar var lokið við stórt verkefni sunnan við ána neðan þjóðvegar 1. Unnið var við viðhald garða við Markarfljót, Héraðsvötn í Skagafirði og við Skjálfandafljót. Alls var unnið við 38 vatnsföll á landinu, á 46 stöðum.

Fljótsgarðurinn í Markarfljóti við Seljalandsmúla styrktur sumarið 1939. Bíllinn er L-26, Ford AA, árgerð 1930, í eigu Hálfdanar Auðunssonar. Hálfdan er lengst t.v., drengurinn er óþekktur, en Guðmundur á Háamúla er uppi á pallinum. Ljósm. óþekktur.

Unnið við varnargarð í Jökulsá á Fjöllum (Ljósm. JRB).

Kynning og fræðsla

Landgræðsludagur í Ölveri

Landgræðslan og landgræðslufélag við Skarðsheiði héldu landgræðsludag á uppgræðslusvæðinu við Hafnarfjall 27. ágúst. Fjölmenni kom á svæðið og kynnti sér árangur af landgræðslustarfinu, sem hefur verið dyggilega styrkt af Pokasjóði og Vegagerðinni. Boðið var upp á rútuferð um svæðið með leiðsögn. Úlfur Óskarsson kynnti þýðingu sveppróta fyrir uppgræðslu, sýnd var stutt kvikmynd af landgræðslu á Hafnarmelum og kvenfélagið Grein stóð fyrir veglegum kaffiveitingum í Ölveri. (Ljósm. JRB).

Í Ölveri á landgræðsludegi.

Alþjóðleg jarðvegsverndarráðstefna

var haldin á Selfossi 14.-18. september. Landgræðslan og Landbúnaðarháskóli Íslands stóðu að ráðstefnunni í samvinnu við evrópska starfshópinn SCAPE, sem er samráðsvettvangur sérfræðinga, sem veitir ESB ráðgjöf um mótun stefnu til verndunar jarðvegsauðlindarinnar.

Ráðstefnugestir sóttu Landgræðsluna í Gunnarsholti heim og voru meðal um eitt þúsund gesta sem heimsóttu Landgræðsluna á árinu.

(Ljósm. JRB).

Bræðurnir Andrés Arnalds, fagmálastjóri Landgræðslunnar og Ólafur Arnalds, deildarforseti umhverfisdeildar Landbúnaðarháskóla Íslands við setningu SCAPE-ráðstefnunnar.

Nýja bújörðin, búskaparskógrækt, beitarstjórnun og nýting lands.

Þetta var yfirskrift tveggja daga ráðstefnu sem haldin var á Núpi í Dýrafirði í mars. Aðstandendur ráðstefnunnar voru Landbúnaðarháskóli Íslands, Landgræðslan og Skógrækt ríkisins.

(Ljósm. JRB).

Einar Oddur Kristjánsson, alþingismaður og formaður Skjólskóga í ræðustól á Núpi.

Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra og Margrét Hauksdóttir, eiginkona hans á landgræðsludegi í Öræfum (Ljósm. JRB).

Landgræðsluverðlaun

Ár hvert veitir Landgræðslan landgræðsluverðlaun fyrir framúrskarandi störf sjálfboðaliða að landgræðslu. Að þessu sinni voru verðlaunin afhent við hátíðlega athöfn á landgræðsludegi í Öræfum 11. ágúst.

Þeir sem hlutu landgræðsluverðlaunin 2005 voru: 1) Bændurnir á Hallbjarnarstöðum í Skriðdal, Magnús Karlsson, Heiða Reimarsdóttir og Magnús Hrólfsson. 2) Kristinn Siggeirsson, Hörgslandi II í Skaftárhreppi. 3) Landgræðslufélag Héraðsbúa og 4) Skógræktarfélag Austur–Skaftfellinga.

Frá afhendingu landgræðsluverðlaunanna (frá hægri): Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra, sem afhenti verðlaunin, Magnús Hrólfsson, Kristinn Siggeirsson, Björn Hallur Gunnarsson, Sævar Kristinn Jónsson og Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri (Ljósm. JRB).

Landgræðsludagur í Öræfum. Gestir skoða viðamikla uppgræðslu Landgræðslufélags Öræfinga á skerjum í Öræfum (Ljósm. JRB).

Landgræðsludagur í Öræfum

Landgræðslufélag Öræfinga og Landgræðslan stóðu fyrir landgræðsludegi í ágúst. Hann var vel sóttur og m.a. mættu fulltrúar frá mörgum landgræðslufélögum. Við þetta tækifæri bauð Landgræðslufélag Biskupstungna til Landgræðsludags 17. ágúst 2006.



Kort af fyrirhuguðu svæði Hekluskóga.

Hraunteigur á svæði Hekluskóga. Birkið á í vök að verjast fyrir áleitnum sandi og Heklu-vikri (Ljósm. SR).

Hekluskógar

Skógur er það gróðursamfélag sem þolir hvað best öskufall. Hugmyndir um Hekluskóga eru að endurheimta birkiskóga og víðikjarr í nágrenni Heklu sem minnka myndu vikurfok í kjölfar gjóskugosa úr eldfjallinu og verja þar með lönd í nágrenni fjallsins fyrir jarðvegseyðingu.

Mögulegur ávinningur af Hekluskógum er margvíslegur. Gróðurfar og dýralíf eykst og verður fjölbreyttara, vatnsheldni jarðvegs verður meiri, lækir myndast og binding kolefnis verður í gróðri. Með skóginum aukast einnig landnýtingarmöguleikar á svæðinu, svo sem frístundabyggð og útivist auk þess að beitarþol eykst.

Landgræðslan er meðal þátttakenda í verkefninu. Ása Aradóttir, sviðsstjóri rannsóknasviðs Landgræðslunnar er formaður samráðsnefndar um Hekluskóga. Að Hekluskógum standa auk Landgræðslunnar fulltrúar fyrir landeigendur á svæðinu, Skógræktarfélag Rangæinga, Skógræktarfélag Árnesinga, Landgræðslusjóð, Suðurlandsskóga og Skógrækt ríkisins.

Gróðursetning birkis (Ljósm. HÓ).

Starfsfólk Landgræðslu ríkisins árið 2005

Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir	Umhirða / landgræðsla (13/5-19/8)
Andrés Arnalds	Fagmálastjóri, alþjóleg samskipti
Anna María Ágústsdóttir	Jarðvegsrof og binding kolefnis
Anna Bjarnarson	Síma- og skjalavörður
Anna Hlín Sigurðardóttir	Umhirða / landgræðsla (27/6-19/8)
Anne Bau	Lúpínusmit, umsjón rannsóknastofu
Arna Björk Þorsteinsdóttir	Landupplýsingar
Árni Eiríksson	Sáningamaður / vélamaður
Ása L. Aradóttir	Sviðsstjóri rannsóknasviðs
Ásgeir Jónsson	Sviðsstjóri landupplýsingasviðs
Bergur I. Ólafsson	Fræverkun / umhirða (Til 31/5)
Bergþór B. Björnsson	Umhirða / landgræðsla (13/6-17/8)
Bjarni Arnþórsson	Sáningamaður
Bjarni Ingólfsson	Girðing á Fossabrúnum
Bjarni Maronsson	Héraðsfulltrúi Norðurlandi vestra
Björn H. Barkarson	Sviðsstjóri landverndarsviðs
Björn Bjarnarson	Bifreiðarstjóri
Bragi Benediktsson	Landgræðsla á Hólsfjöllum
Daði Lange Friðriksson	Landgræðsla í Þingeyjarsýslum (175/-15/8)
Dagný Sturludóttir	Landgræðsla í Þingeyjarsýslum (20/5-30/6)
Einar Bjarnason	Girðingar í V-Skaftafellsýslu (25/1-9/7)
Elín Jónsdóttir	Ræstitæknir
Elín Heiða Valsdóttir	Héraðsfulltrúi Skaftafellssýslum
Elín Fjóla Þórarinsdóttir	Landupplýsingar
Elsa Þ. Árnadóttir	Matráðsmaður
Eydís Þ. Guðmundsdóttir	Starfsmaður í mötuneyti (6/6-19/8)
Eyjólfur Kristinsson	Viðhald / uppskerustörf
Friðrik Lange Jóhannesson	Girðingar í Mývatnssveit
Garðar Þorfinnsson	Héraðsfulltrúi, Suðurlandi
Guðjón Eiður Ásmundsson	Tölvumaður (Frá 3/3)
Guðmar Ragnarsson	Landgræðsluvörður Austurlandi (12/5-25/11)
Guðmundur Bjarnason	Umhirða staðarumhverfis (1/5-19/8)
Guðmundur Guðmundsson	Sviðsstjóri rekstrarsviðs
Guðmundur P. Steinarsson	Vélamaður
Guðjón Halldórsson	Umsjón vélaverkstæðis
Guðjón Magnússon	Sviðsstjóri almannatengslasviðs
Guðrún Lára Pálmadóttir	Umsjón með uppgræðslu (1/7-30/9)
Guðrún Schmidt	Héraðsfulltrúi Austurlandi
Guðrún Stefánsdóttir	Sérfræðingur (1/6-30/6)
Gústav M Ásbjörnsson	Héraðsfulltrúi Austurlandi
Halldór Árni Pálsson	Verkamaður
Halldóra Sigmundsdóttir	Yfirmatráðsmaður
Hallur Karl Hinriksson	Verkamaður (Frá 4/7)
Hildur Brynjarsdóttir	Umhirða / landgræðsla (13/5-16/8)
Hjörtur Guðjónsson	Flokksstjóri fræhreinsunar
Hólmfríður Ósk Arnalds	Umhirða / landgræðsla (23/5-18/8)
Ingibjörg Sveinsdóttir	Landupplýsingakerfi / gagnagrunnur
Ingvar Helgason	Landgræðsluvörður Landeyjum
Íris Björk Ásgeirsdóttir	Umhirða / landgræðsla (13/6-26/8)
Jóhann Thorarensen	Landupplýsingakerfi / gagnagrunnur
Jón Ragnar Björnsson	Fræðslufulltrúi
Jón Helgason	Eftirlit og viðhald girðinga
Jón Fr. Jónsson	Landgræðsluvörður Önundarfirði
Jóna María Eiríksdóttir	Fjármálastjóri
Karólína Einarsdóttir	Rannsóknir (Frá 20/6)
Kjartan Már Benediktsson	Umsjón staðarumhverfis
Kristinn G. Garðarsson	Aðstoðarstöðvarstjóri Frá 1.4)
Kristín Gunnarsdóttir	Launabókhald
Kristín Svavarsdóttir	Plöntuvistfræði, framvindurannsóknir
Lucas Gazeau	Umhirða / landgræðsla (4/7-30/9)
Magnús Þ. Einarsson	Verkamaður (Frá 19/5)
Magnús F. Guðmundsson	Umhirða / landgræðsla (6/6-19/8)
Magnús H. Jóhannsson	Fræ- og uppgræðslurannsóknir
Nói Sigurðsson	Umsjón fasteigna
Ómar Jónsson	Vélaviðhald / uppskerustörf
Reynir Þorsteinsson	Stöðvarstjóri fræverkunarstöðvar
Salbjörg Matthíasdóttir	Landgræðsla í Þingeyjarsýslum (1/6-20/8)
Sigríður Hallgrímsdóttir	Uppgræðsla á Hólsfjöllum
Sigurður Ágústsson	Girðing á Stórholti
Sigurður Óskarsson	Flokksstjóri vöruafgreiðslu
Sigurgeir Búi Daníelsson	Umhirða / landgræðsla (6/6-19/8)
Sigurlína Tryggvadóttir	Landupplýsingar o.fl. (Frá 1/6)
Sigþrúður Jónsdóttir	Héraðsfulltrúi Suðurlandi, umsjón með BGL
Skúli Ragnarsson	Kerfisstjóri
Sólveig Sigurðardóttir	Ræstitæknir
Stefán Skaftason	Héraðsfulltrúi Norðurlandi eystra
Steinunn Anna Halldórsdóttir	Rannsóknir (1/6-22/9)
Svanur S. Lárusson	Viðhald fasteigna
Sveinn Runólfsson	Landgræðslustjóri
Sveinn Þórarinsson	Landgræðsluvörður Þingeyjarsýslum
Sæmundur Sveinsson	Vöruafgreiðsla / birgðabókhald (1/5-30/9)
Thiphawan S. Sveinsson	Mötuneyti í Krossdal (1/5-30/9)
Unnur Brá Konráðsdóttir	Lögfræðingur
Úlfur Óskarsson	Rannsóknir, samlíf plantna og örvera (Í námsleyfi)
Vigfús Eysteinsson	Verkamaður (23/5-17/7)
Þorgeir G. Skúlason	Umhirða / landgræðsla (30/5-17/8)
Þorlákur P. Jónsson	Sáningamaður
Þorsteinn Guðjónsson	Vélaviðhald
Þórarinn Sveinsson	Uppgræðsla í Þingeyjarsýslum (1/5-30/9)
Þórunn Pétursdóttir	Héraðsfulltrúi á Vesturlandi
Þórunn Ragnarsdóttir	Þjónustufulltrúi
Þórunn Svava Sæmundsdóttir	Þjónustufulltrúi (Frá 9/8)
Þrúðmar Sigurðsson	Landgræðsluvörður A-Skaftafellssýslu